



## Fræðslu- og félagsþjónusta

Niðurstöður starfshóps

### Upplýsingar um skóla sveitarfélaganna, nemendafjölda og stöðugildi

Reykjahlíðarskóli er í Skútustaðahreppi, þar stunda 37 nemendur grunnskólanám, við skólann eru 7 stöðugildi við stjórnun og kennslu. Aðrir starfsmenn eru í 4,8 stöðugildum. Tónlistarskóli Mývatnssveitar starfar í sama húsnæði og grunnskólinn. Einn starfsmaður starfar við hann í 90 % starfi. Leikskólinn Ylur starfar einnig í sama húsnæði og grunnskólinn. Þar stunda 18 börn nám, stöðugildi eru 7 við kennslu og stjórnun. Einn skólabíll keyrir í skólann.

Stórutjarnaskóli er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli í Þingeyjarsveit. Þar stunda 37 nemendur nám á grunnskólastigi og 7 á leikskólastigi. Í tónlistarnámi eru 32 nemendur. Stöðugildi í leikskóladeild eru 2,6 við kennslu og stjórnun, stöðugildi í grunnskóladeild eru 9 við kennslu og stjórnun og í tónlistarskóladeild eru 2 stöðugildi við kennslu og stjórnun. Aðrir starfsmenn eru í 5,9 stöðugildum. Skólabílar sem keyra í skólann eru 5.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik- grunn- tónlistarskóli í Þingeyjarsveit. Leikskóladeildir eru tvær, Barnaborg í sama húsnæði og grunn- og tónlistarskóli og Krílabær á Laugum. Á grunnskólastigi stunda 70 nemendur nám, á leikskólastigi 25 nemendur, 19 í Barnaborg og 6 í Krílabæ. Í tónlistarnámi eru 48 nemendur. Stöðugildi í leikskóladeildum eru 8,52 við kennslu og stjórnun. Í grunnskóladeild eru 13,5 stöðugildi við kennslu og stjórnun. Í tónlistardeild eru 2,1 stöðugildi við kennslu og stjórnun. Aðrir starfsmenn eru í 9,7 stöðugildum. Skólabílar sem keyra í skólann eru 5.

## FRAMTÍÐARSÝN Í NÝJU SVEITARFÉLAGI

- Öfluga skóla með til þess menntuðu starfsfólki, hafa góða stjórnendur og öll skólastig, hvort sem þau eru samrekin eða ekki.
- Nýta styrkleika hvers skóla og þá tækni sem í boði er á hverjum tíma og veita góða þjónustu.
- Að leikskólar, grunnskólar og tónlistarskólar verði áfram á sömu starfsstöðvum og nýti styrkleika sína og sérstöðu.
- Efla samstarf skólanna og auka félagslega möguleika barnanna okkar til framtíðar.
- Æskilegt væri að koma á dagvistun í sveitarfélaginu fyrir eldri borgara.

Samningur um félagsþjónustu gildir fyrir bæði sveitarfélög og starfshópurinn sér ekki ástæðu til að breyta því.

## HVAR SJÁUM VIÐ NÝ TÆKIFÆRI Í SAMEININGU

### Skólinn

Starfshópurinn telur ástæðu til að kanna möguleika á að sveitarfélagið standi sjálft að skólaþjónustu og samnýti þá sérfræðinga og þjónustu sem þörf er á. Með því gæti myndast skilyrði til þess að skapa spennandi starfsvettvang fyrir sérhæfða starfsmenn sem gætu flutt á svæðið og unnið við sitt fag.

Aukið samstarf verði á milli allra skólastofnana og skólastjórnenda og styrkja þannig skólasterfið í heild.

Mikilvægt að styðja við þróun fjarkennslu t.d við kennslu valáfanga og nýta þannig betur sérfræðiþekkingu innan hvers skóla.

### Félagsþjónusta

Starfshópurinn telur einnig ástæðu til að skoða að samræma heimaþjónustu í sveitarfélaginu og efla þannig störf og þjónustuna.

Æskilegt væri að koma upp starfstöð fyrir starfsfólk heimaþjónustu og heimahjúkrunar (HSN) og skapa samstarfsvettvang fyrir þessa þjónustu íbúunum til góða. Þannig væri hægt að samtvinna heimaþjónustu og heimahjúkrun til hagsbóta fyrir þá sem nýta sér þjónustuna.

## FRAMTÍÐARÁSKORANIR Í MÁLAFLOKKNUM

Ein helsta áskorunin fyrir íbúa er hversu víðfemt sameinað sveitarfélag yrði. Það gæti því orðið erfitt að sameina íbúana þannig að sú tilfinning skapist að þeir séu sveitungar. Að mati hópsins er því mjög mikilvægur hlekkur að efla og samþætta ungmennastarf á svæðinu og gefa þannig yngri kynslóðum kost á að kynnast jafnöldrum sem myndi bæta tengslanet þeirra til framtíðar.

Öflugt félagsstarf er rekið innan grunnskólanna í báðum sveitarfélögum og er vilji til að svo verði áfram. Stjórnendur Framhaldsskólans á Laugum hafa lýst áhuga á að taka meiri þátt í að efla félagsstarf ungmenna á svæðinu.

Íhuga ætti að ráða félagsmálafulltrúa í nýju sveitarfélagi sem gæti nýst vel til að halda utanum félagsstarf ungmenna og samþætta það á svæðinu.

Starfshópurinn telur að gæta þurfi sérstaklega að:

- Aldurshópnum 16-25 ára
  - Með tilliti til félagslegrar einangrunar
- Erlendum ríkisborgurum
  - Við að aðlagast samfélaginu

Sveitarfélögin eru með sameiginlegan fjölmenningsfulltrúa í samstarfi við Norðurþing.

Í jafn landmiklu sveitarfélagi og nýtt sveitarfélag yrði er mikilvægt að styrkja tengsl íbúa milli svæða ekki síst þeirra íbúa sem búa á jaðarsvæðum. Tryggja þarf jöfn tækifæri á þjónustu til allra íbúa eins og kostur er.

## HVAÐ VILJUM VIÐ EKKI MISSA?

- Skólana á öllum skólastigum, einblína frekar á að efla þá og samstarf þeirra á milli.
- Þá nærþjónustu sem fyrir er.
- Skólaþjónustu og félagsþjónustu sem er nú þegar er til staðar.
- Sérstöðu og styrk hvers svæðis fyrir sig.
- Þjónustu við eldri borgara.

## HVAÐ ÞARF AÐ VARAST?

- Gæta þess að jaðarbyggðirnar verði ekki útundan hvað varðar þjónustu.
- Að erlendir ríkisborgarar aðlagist ekki samfélaginu.
- Of mikla hagræðingu sem hefur áhrif á þjónustu.
- Fólksfækkun.